

## Svar

iðnaðarráðherra við fyrirspurn Kristins H. Gunnarssonar um Landsvirkjun.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

1. Hver hafa verið framlög eigenda Landsvirkjunar til fyrirtækisins frá upphafi, sundurliðað eftir eigendum og árum?
2. Hvernig skiptast framlög hvers eiganda hverju sinni í fjárframlög og eignarhluta í framlögðum eignum og hverjar voru þær eignir, sundurliðað eftir árum?
3. Hverjar hafa verið arðgreiðslur Landsvirkjunar frá upphafi til eigenda fyrirtækisins hvers um sig og samtals, sundurliðað eftir árum, og hvernig hafa þær arðgreiðslur verið reiknaðar og greiddar?
4. Hvaða ábyrgðir hafa eigendur Landsvirkjunar gengist í og hvað hefur fyrirtækið greitt fyrir þær, sundurliðað eftir eigendum og árum?
5. Hvernig hefur Marshall-aðstoðin, sem Bandaríkjamenn veittu Íslendingum um miðja síðustu öld, nýst til þess að mynda eign einstakra eigenda í Landsvirkjun? Hver voru fjárframlög eigenda Sogsvirkjunar og Laxárvirkjunar, sundurliðað eftir eigendum, virkjunum og árum fram að því að virkjanirnar runnu inn í Landsvirkjun? Hver er fjárhæðin talin vera miðað við núverandi eigið fé Landsvirkjunar og einnig miðað við áætlað markaðsvirði fyrirtækisins?  
*Óskað er eftir því að allar fjárhæðir verði reiknaðar á núverandi verðlagi.*

1. Framlög eigenda eftir árum á verðlagi í árslok 1995 eru sýnd í töflu hér á eftir en samkomulag eigenda Landsvirkjunar sem undirritað var 28. október 1996 byggðist á útreikningi á eigendaframlögum. Voru framlögin uppreiknuð miðað við byggingarvísitölu og vextir reiknaðir miðað við 3% vexti á ári. Síðan hafa eigendaframlögin verið uppfærð með byggingarvísitölu og reiknaður af þeim 5,5% arður. Útgreiddur hluti arðsins hefur verið dreginn frá endurreiknuðum framlögum. Eigendaframlögin skiptust í árslok 2003 sem hér segir:

Ríkissjóður	13.725.165.000 kr.
Reykjavíkurborg	12.222.256.000 kr.
Akureyrarbær	1.502.907.000 kr.
<b>Samtals</b>	<b>27.450 328.000kr.</b>

Fram til ársins 1989 skiptust eigendaframlögin jafnt milli ríkisins og Reykjavíkurborgar. Árið 1983 var Laxárvirkjun sameinuð Landsvirkjun en ríkið átti 35% í Laxárvirkjun og Akureyri 65%. Jafnframt fóru fram leiðréttingar á eiginfjárframlögum í samræmi við samkomulag eigenda um hlut eigenda hvers um sig í Landsvirkjun sem staðfest voru í sameignarsamningi, dags. 27. febrúar 1981.

Annað eigin fé Landsvirkjunar en eigendaframlögin námu 13.729.883.000 kr. í árslok 2003.

**Eigendaframlög samtals í þús. kr. á verðlagi í árslok 1995.**

<b>Ár</b>	<b>Framlög</b>
1965	3.273.279
1966	194.309
1967	0
1968	0
1969	0
1970	0
1971	0
1972	702.751
1973	0
1974	153.880
1975	119.788
1976	84.588
1977	0
1978	0
1979	88.022
1980	81.645
1981	81.688
1982	68.486
1983	2.450.362
1984	-85.328
1985	0
<b>Samtals eigendaframlög</b>	<b>7.213.470</b>
<b>Upps. staða með vöxtum</b>	<b>14.000.000</b>

**Eigendaframlög í árslok 2003 í þús. kr.**

Ríkissjóður	13.725.165	50,000%
Reykjavíkurborg	12.222.256	44,525%
Akureyrarbær	1.502.907	5,475%
<b>Samtals</b>	<b>27.450.328</b>	

2. Vísað er í töflu hér að framan. Árið 1965 lögðu þáverandi eigendur Landsvirkjunar hvor um sig fram 1.636.640.000 kr. og námu fjárframlög 226.778.000 kr. og framlagðar eignir námu 1.409.862.000 kr. Þessar eignir voru:

*Frá ríkinu:* Eignarhlutur í Sogsvirkjun (50%) ásamt vatns- og lóðaréttindum, vatnsréttindi vegna Búrfellsvirkjunar og undirbúningur Búrfellsvirkjunar.

*Frá Reykjavíkurborg:* Eignarhlutur í Sogsvirkjun (50%) ásamt vatns- og lóðaréttindum, gufuaflsstöð við Elliðaár og lóð í Elliðaárdal vegna aðalspennustöðvar Sogsvirkjunar.

Árið 1983 lögðu eigendur Laxárvirkjunar, þ.e. ríkið og Akureyrarbær fram eignir Laxárvirkjunar. Að öðru leyti hafa eigendur lagt fram fé.

3. Í eftirfarandi töflu er sundurliðun á arðgreiðslum frá upphafi eftir árum og eigendum. Arðgreiðslur eru reiknaðar af endurmetnum eigendaframlögum og er reiknaður arður 5,5%. Við ákvörðun um útborgun arðs hefur eftirfarandi verið lagt til grundvallar:

- a. Séu hreinar rekstrartekjur án afskrifta<sup>1)</sup> sem hlutfall af heildarskuldum undir 12% komi 25% af reiknuðum arði til útborgunar til eigenda í hlutfalli við eign þeirra en 75% bætist við eigendaframlög og hækki arðgreiðslustofn.
- b. Séu hreinar rekstrartekjur án afskrifta<sup>1)</sup> sem hlutfall af heildarskuldum á bilinu 12–15% komi 40% af reiknuðum arði til útborgunar til eigenda í hlutfalli við eign þeirra en 60% bætist við eigendaframlög og hækki arðgreiðslustofn.
- c. Séu hreinar rekstrartekjur án afskrifta<sup>1)</sup> sem hlutfall af heildarskuldum hærri en 15% komi 60% af reiknuðum arði til útborgunar til eigenda í hlutfalli við eign þeirra en 40% bætist við eigendaframlög og hækki arðgreiðslustofn.
- d. Á árunum 2001–2003 fékk Akureyrarbær greiddar sérstakar viðbótararðgreiðslur til að vega upp á móti minni arðgjöf af framlagi Akureyrarbæjar til Landsvirkjunar en af framlögum ríkisins og Reykjavíkurborgar. Árleg viðbótararðgreiðsla á umræddu tímabili nam 5,475% af fjárhæð sem nemur 25% af reiknuðum arði samkvæmt framansögðu.
- <sup>1)</sup> Hreinar rekstrartekjur án afskrifta = heildartekjur - beinn rekstrarkostnaður fyrir vaxtagreiðslur, skatta og afskriftir.

**Arðgreiðslur. Fjárhæðir í þús. kr. á verðlagi 2003.**

Ár	Ríkissjóður	Reykjavík	Akureyri	Samtals
	50,000%	44,525%	5,475%	100,000%
1985	96.439	85.879	10.560	192.879
1986	0	0	0	0
1987	0	0	0	0
1988	55.252	49.202	6.050	110.504
1989	52.511	46.761	5.750	105.021
1990	55.699	49.600	6.099	111.397
1991	56.885	50.656	6.229	113.770
1992	59.571	53.048	6.523	119.142
1993	0	0	0	0
1994	0	0	0	0
1995	0	0	0	0
1996	0	0	0	0
1997	131.071	116.719	14.352	262.141
1998	136.507	121.561	14.948	273.016
1999	142.268	126.690	15.579	284.537
2000	147.225	131.104	16.122	294.451
2001	150.083	133.649	16.434	300.165
2002	157.442	140.201	17.240	314.882
2003	165.938	147.768	18.170	331.876
<b>Samtals</b>	<b>1.406.889</b>	<b>1.252.837</b>	<b>154.055</b>	<b>2.813.781</b>

4. Samkvæmt 1. grein laga um Landsvirkjun er hver eigandi um sig í einfaldri ábyrgð fyrir öllum skuldböndum fyrirtækisins en um innbyrðis skiptingu á ábyrgð þeirra fer eftir eignarhlutföllum. Heildarskuldir Landsvirkjunar í árslok 2003 námu 92.816.507.000 kr. og fellur mestur hluti þeirrar fjárhæðar undir ábyrgð eigenda. Í eftirfarandi töflu er að finna greiðslur Landsvirkjunar á ábyrgðargjaldi skipt eftir árum og eigendum.

**Ábyrgðargjald. Fjárhæðir í þús. kr. á verðlagi 2003.**

Ár	Ríkissjóður	Reykjavík	Akureyri	Samtals
	50,000%	44,525%	5,475%	100,000%
1985	0	0	0	0
1986	0	0	0	0
1987	33.434	29.773	3.661	66.868
1988	68.205	60.736	7.468	136.409
1989	68.784	61.252	7.532	137.568
1990	63.141	56.227	6.914	126.282
1991	67.218	59.858	7.360	134.436
1992	68.731	61.205	7.526	137.462
1993	81.828	72.868	8.960	163.656
1994	82.600	73.555	9.045	165.199
1995	77.900	69.370	8.530	155.801
1996	71.743	63.888	7.856	143.487
1997	67.065	59.721	7.344	134.129
1998	71.060	63.279	7.781	142.121
1999	86.143	76.710	9.433	172.285
2000	93.351	83.129	10.222	186.702
2001	117.055	104.238	12.818	234.111
2002	104.549	93.101	11.448	209.098
2003	103.802	92.436	11.366	207.605
<b>Samtals</b>	<b>1.326.610</b>	<b>1.181.346</b>	<b>145.264</b>	<b>2.653.220</b>

5. Hvorki iðnaðarráðuneytið né Landsvirkjun búa yfir þeim upplýsingum sem farið er fram á í 5. lið fyrirspurnarinnar. Við stofnun Landsvirkjunar voru yfirtekin lán frá Mótvirðis-sjóði og önnur lán sem tengdust Marshall-aðstoðinni og voru þessi lán bæði í íslenskum krónum og í Bandaríkjadöllum. Þessi lán báru öll vexti og voru endurgreidd í samræmi við lánasamninga. Landsvirkjun er ekki kunnugt um að virkjunarframkvæmdir hafi fengið neina styrki vegna Marshall-aðstoðarinnar.